



FISKRÆKTARSJÓÐUR

Salmonid Enhancement Fund

Alþingi
Erindi nr. P 143/1273
komudagur 19.3.2014

Fjárlaganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
105 Reykjavík

19. mars 2014

Málefni: Umsögn Fiskræktarsjóðs um þingmál nr. 306. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagáákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs.

Í XII. kafla framangreinds frumvarps, 20. – 21. gr. eru gerðar tillögur um breytingu á 4. og 5. gr. laga nr. 72/2008 um Fiskræktarsjóð.

Í þessu samband vill stjórn Fiskræktarsjóðs taka fram eftirfarandi:

Í ársreikningi Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2013 kemur fram að tekjur sjóðsins námu samtals kr. 41.457.085 á árinu 2013 og kr. 35.870.416 árið 2012. Á árinu 2013 voru tekjur sjóðsins vegna 2% veiðigjalds kr. 22.537.262 eða 54% af heildartekjum. Á árinu 2012 námu tekjur sjóðsins kr. 16.700.205 vegna 2% veiðigjalds eða 47% af heildartekjum sjóðsins það ár.

Verði Fiskræktarsjóður af tekjum vegna 2% veiðigjalds munu ráðstöfunartekjur hans lækka samsvarandi og þess vegna verður erfiðara fyrir stjórn sjóðsins að uppfylla hlutverk hans um að veita lán eða styrki skv. 1. grein laga um Fiskræktarsjóð nr. 72/2008.

F.h. Fiskræktarsjóðs

Ólafur Halldórsson
stjórnarformaður